
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 103. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 24. okt. 2013, kl. 13:00-14:45
Fundarstaður: Orkuveita Reykjavíkur
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Kostnaður vegna skorts 2010-2011
3) Áætlun ársins 2014.
4) Önnur mál.
a) GARPUR, rannsóknarverkefni
b) Framsetning niðurstaðna í skýrslu um gæði raforku

Á fundinn mættu:

START: Anna Einarsdóttir fyrir Ragnar Stefánsson, Landsnet
Benedikt Einarsson, Orkuveita Reykjavíkur
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða
Kjartan Rolf Árnason, RARIK
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka
EFLA: Ingvar Baldursson
Jón Vilhjálmsson
Orkuveita Reykjavíkur: Rúnar Svavar Svavarsson
Fjarverandi: Erla Björk Þorgeirsdóttir, Orkustofnun
Egill Sigmundsson, HS Veitur
Sígfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

- 1) Skráning truflana er í hefðbundnum farvegi hjá veitunum.
- 2) Farið yfir skýrslu „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2013 og 2014“. Áætlaður heildarkostnaður raforkunotenda af rafmanglsleysi vegna fyrirvaralausra truflana í flutnings- og dreifikerfinu er um 6 milljarða króna á árinu 2012 og er mun meiri en hefur verið á undanförunum árum. Skýring á þessu er að truflanir í flutningskerfinu voru umfangsmeiri á árinu 2012 miðað við undanfarin ár. Spurt var um hvort þessi tala væri sundurliðuð í skýrslunni. Það er ekki gert, JV benti á að í Frammistöðuskýrslu Landsnets er gerð grein fyrir stærstu truflun flutningskerfisins. BE nefndi að í ársskýrslu OR væru nefndar helstu rekstartruflanir. Rætt var um að gott væri ef Orkustofnun myndi staðfesta þessar tölur, en þær geta nýtast við að meta ávinning verkefna vegna uppbyggingar og endurbóta á flutnings- og dreifikerfinu.

- 3) IB fór yfir áætlun um starfið á árinu 2014 og rauntölur um vinnu ársins 2013 sem eru undir áætlun ársins.

GHG vîkur af fundi.

Óskað var eftir því að kynning á rannsóknarverkefninu GARPUR áður en áætlun væri afgreidd, og var það gert.

Hópurinn samþykkti að nýta ekki 100 tíma sem áætlaðir voru á árinu 2013 vegna frumathugunar á að endurskoða aðferðir til að meta kostnaðartölur vegna skorts. Gert er ráð fyrir 100 tímu í þetta verkefni á árinu 2014 ef niðurstöðu verða komnar frá GARP verkefninu. Áætlunin var samþykkt með þeim fyrirvara að aðilar/fundarmenn hafa vîku til að koma með athugasemdir.

- 4) a) GARPUR rannsóknarverkefni. JV kynnti verkefnið en hann hafði fengið glærुकynningu frá Írisi Baldursdóttir hjá Landsneti. Verkefnið er styrkt úr 7. Rammaáætlun Evrópusambandsins um 1,2 milljarða króna og standa m.a. Landsnet og Háskólinn í Reykjavík að verkefninu. Rannsóknarverkefnið GARPUR (Generally Accepted Reliability Principle with Uncertainty modelling and through probabilistic Risk assessment) er farið af stað og mun það verða unnið á næstu fjórum árum, en markmið þess er bylta gildandi aðferðafræði við áreiðanleikamat sem notað er við uppbyggingu og rekstur raforkuflutningskerfa. Verkefnið er skipt upp í 11 verkhluta og leiða fulltrúar Landsnets og Háskólans í Reykjavík tvo þeirra. Íris Baldursdóttir hjá Landsneti er í forsvari fyrir þann þátt sem snýr að því að þróa og aðlaga nýja aðferðafræði við skammtíma áætlanagerð og rauntímastýringu raforkukerfa. Friðrik Már Baldursson hjá Háskólanum í Reykjavík er í forsvari fyrir rannsóknir og þróun á efnahagslegum mælikvörðum svo hægt verði að bera saman mismunandi áreiðanleikaviðmið fyrir raforkukerfi. Sjá einnig grein í Tímarit Háskólans í Reykjavík, www.ru.is. Niðurstöður verkefnisins verða aðgengilegar öllum. KRÁ spyr hvort eftirlitsaðilar muni nýta sér þessar upplýsingar. JV nefnir að kynningarfundir verða haldnir t.d. fyrir flutningsaðila og dreifiveitur. Einnig var aðeins rætt um netmálakröfur Evrópusambandsins. Áhugi START hópsins er að nýta niðurstöður sem snúa m.a. að kostnaði vegna skorts og áreiðanleikaviðmiðum.

b) Framsetning niðurstaðna í skýrslu um gæði raforku (Stuðlar um afhendingu raforku). KRÁ lagði fram tillögu um að megin tölfræði í skýrslunni ætti að byggja á truflunum sem vara lengur en 3 mínútur. Í núverandi skýrslu er fyrst teknar fyrir allar truflanir (það er kafli 4) og síðan er fjallað um truflanir sem vara lengur en 3 mínútur (það er kafli 5). Umræður voru um þetta atriði og við skoðun mynda í skýrslunni sést að stuðlar hjá RARIK og OV breytast aðeins eftir því hvort notaðar

eru allar truflanir eða truflanir sem eru lengri en 3 mínútur. Hverfandi breyting er hjá öðrum veitum. Niðurstaða er að áður en farið væri í vinnu á næsta ári taka fulltrúar afstöðu til þess hvort skýrslan yrði unnin samkvæmt tillögu KRÁ. JV sagði að þeir stuðlar sem mest væru notaðir erlendis væru að hans mati ekki bestur stuðlarnir við mat á frammistöðu raforkukerfisins. Hugsanlega kæmi tillaga varðandi notkun á stuðlum út úr GARPUR verkefninu.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður 8. maí 2014 kl. 13, hjá RARIK.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2013 og 2014.“
- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2014. Verkefnishandbók. Drög.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um vinnu fyrir START hópinn á árinu 2013.
- Kynning á GARPUR verkefninu.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
IB	Setja skýrslur á vef START hóps www.truflun.is
IB	Kanna afstöðu START hóps um framsetningu niðurstaðna í skýrslu „Stuðlar um afhendingu raforku“ (Febrúar 2014)